



Fundargerð hreppsnefndar 17. september 2014

Fundargerð hreppsnefndar 17. september 2014

5. fundur hreppsnefndar haldinn miðvikudaginn 17. september 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: Fundargerð hreppsnefndar frá 03. september sl. lögð fram. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs og gerði að umtalsefni 12 tl. í fundargerð og lagði til að sveitarfélagð sendi til fjármálaráðstefnunnar 3 fulltrúa, sveitarstjóra og einn frá hvorum aðila, meiri- og minnihluta. Bar oddviti síðan tillöguna upp og var samhljóða samþykkt.
2. mál: Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 09. september sl. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. mál: Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Vopnafjarðarskóla frá 09. september sl. Til kynningar. Samþykkt að fá gerða heildarhönnun fyrir skólalóðina m. t. t. umferðaröryggis og leiksvæða þannig að hægt verði að hefjast handa vorið 2015. Samþykkt samhljóða.
4. mál: HAUST, fundargerð 118. fundar haldinn 03.09.2014 – bls. 1. Til kynningar.
5. mál: HAUST – eftirlitsskýrsla, dags. 18.08.14 varðandi gámavöll og spilliefnamóttöku á Vopnafirði.
6. mál: Starf tómsundarfulltrúa við Sundabúð. Bréf forstöðumanns, ódagsett, til sveitarstjórnar um að ráðinn verði til Sundabúðar tómsundarfulltrúi. Umræður fóru fram um erindið, tóku allir fulltrúar til máls. Lýsir sveitarstjórn ánægju sinni yfir framkomnum hugmyndum og samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins í samvinnu við forstöðumann og stjórn Sundabúðar. Lögð verði tillaga að lausn fyrir sveitarstjórn að þeirri vinnu lokinni.
7. mál: Bréf Alexanders Árnasonar og Ragnhildar Antóníusardóttur, dags. 22. júlí 2014, til sveitarstjórnar með ósk um úrlausn mála vegna íbúa Sundabúðar. Samþykkt samhljóða að sveitarstjóra verði falið að vinna að framgangi málsins í samvinnu við forstöðumann og stjórn Sundabúðar. Lögð verði tillaga hér að lútandi fyrir sveitarstjórn að þeirri vinnu lokinni.
8. mál: Bréf Björns Pálssonar, f. h. íbúa Sundabúðar dags. 20. ágúst sl., til sveitarstjórnar og hollvínasamtaka Sundabúðar viðvíkjandi lagningu göngustígs frá Sundabúð að Ollasjoppu. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna að málinu í samvinnu við Halldór Jóhannsson hjá Teikn. Samþykkt samhljóða.

9. mál: Bréf nemenda 7. bekkjar Vopnafjarðarskóla til sveitarstjóra/sveitarstjórnar, dags. 01. september sl., er varðar uppsetningu hjólabrettasvæðis (e. skate-park) á lóð skólans. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna í málinu í samvinnu við skólasamfélagið, sbr. bókun 3. máls.

10. mál: Bréf atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 02. september 2014, auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015. Sveitarstjórn samhljóða samþykkir að sótt verði um. Óskað var eftirfarandi bókunar: „Óskað er að úttekt sé gerð á úthlutunum síðustu ára á byggðakvóta á Vopnafirði; hverjir hafa fengið, hve mikið og hvort og hverjir hafa leigt frá sér kvóta á sama tíma“. Undirir. Magnús Þór, Bárður og Hrund.

11. mál: Tölvubréf Hrundar Snorradóttur, dags. 08. september sl., til sveitarstjóra um tilnefningu fulltrúa Vopnafjarðarhrepps í stjórn Héraðsskjalasafn Austurlands. Sveitarstjórn leggur til að Ólafur Björgvin Valgeirsson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í stjórn safnsins. Samþykkt samhljóða.

12. mál: Fundarboð aðalafundar HAUST 01. október n. k., dags. 08. september sl., þar sem óskað er eftir að aðildarsveitarfélög sendi fulltrúa til aðalfundarins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Lilju Kristjánsdóttur sem aðalmann í stjórn HAUST.

*12.mál: Bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 18. júlí 2014, til sveitarfélaga er varðar upplýsingar um viðauka við fjárhagsáætlanir. Til kynningar.

13. mál: Aðalfundur Samtaka ungra bænda, 22. mars sl., v/ályktun um varðveislu landbúnaðarlands. Til kynningar. Samþykkt samhljóða að vísa til landbúnaðarnefndar og skipulags- og umhverfisnefndar.

14. mál: Vegagerðin. Tölvubréf Sveins Sveinssonar, svæðistj. Vegagerðar, til sveitarstjóra, dags. 14. september sl., ásamt minnispunktum og –blaði. Til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða uppsetningu hraðaaðvörunarljósa við þéttbýlismörk í norðri. Í framhaldi af því verði fyrirkomið hraðahindrun ásamt því að þverrendur verði settar á yfirborð vegar ásamt merkingu um hámarkshraða. Þetta verði unnið í samvinnu við Vegagerðina.

15. mál: Tilkygning til íbúa á Austfjörðum frá almannavarnarnefnd vegna gosmengunar, dags. 12.09.2014. Til kynningar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, þar sem hann m. a. fundaði með sviðsstjórum. Fram kom á fundinum sveitarstjóri hafi óskað eftir að settur verði upp mælir til að mæla mengun frá gosinu.

16. Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 01. september 2014, til sveitarfélagsins og varðar gerð nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða. Til kynningar.

17. mál: Sókn lögmannsstofa. Bréf, dags. 03. september sl., til sveitarfélagsins til kynningar á starfsemi stofunnar. Til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundagerðin lesin upp og samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:45.